

**Nd.**

## **91. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Katrín Thoroddsen.

### **1. gr.**

Á eftir 1. mgr. 11. gr. laganna komi þrjár nýjar málsgr.:

Þó er giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, er tekjurnar nema meiru en svarar til 1500 kr. grunnlauna, enda sé teknanna ekki aflað í fyrirtæki, sem maður hennar er meðeigandi eða hluthafi í, og skal þá leggja skatt á hana samkvæmt því.

Nú starfar kvæntur maður við atvinnufyrirtæki konu sinnar, og fellur þá heimild til sérsköttunar konunnar niður.

Er gift kona telur sérstaklega fram til skatts, skal frá hreinum tekjum hennar draga 900 kr. áður en skattur er reiknaður, og fellur þá tilsvareandi frádráttarupphæð niður við ákvörðun skatts eiginmanns hennar.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Það færist æ meira í vöxt, að giftar konur stundi ýmiss konar launuð störf utan heimilis síns, og einnig, að þær hafi með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur, og hefur tekjum þeim, sem konan hefur unnið fyrir, verið bætt við tekjur manns hennar, þegar talið hefur verið fram til skatts.

Konur hafa yfirleitt verið óánægðar með ákvæði skattalaganna hér að lútandi og framkvæmd þeirra, enda er mjög óeðlilegt og óréttlátt, að tekjur tveggja aðila, þó nátengdir séu, skuli vera lagðar saman og skattlagðar í einu lagi, og það ekki sízt vegna stighækkunar skattstigans við hækkandi tekjur.

Er frumvarp þetta fram horið til þess að ráða bót á þessu fyrirkomulagi, og verður gerð nánari grein fyrir frumvarpinu í framsöguræðu.